



**ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK
UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA
26. FUNDUR.**

26. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 03. janúar 2015 kl. 15:05 í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga

Fundinn sátu:

Dagný Freyja Guðmundsdóttir, aðalmaður, Jóna Margareta Júlíusdóttir Lundberg, aðalmaður, Ágúst Andri Arnarson, aðalamaður. Rannveig Erla Magnúsdóttir, aðalmaður boðar forföll.

Embættismenn:

Karólína Gunnarsdóttir, Íþróttá- og tómstundafulltrúi

Fundarritari:

Jóna Margareta Júlíusdóttir Lundberg

Dagskrá.

1. Umhverfisfulltrúi
2. Háskólalestin
3. 10. bekkjar kynningarferð i framhaldsskóla.
4. Leikhúsfærð á Sauðárkrók.
5. Aðgangur dreifnáms að Órion
6. Ungt fólk og lýðræði 2015
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Umhverfisfulltrúi kom með tillögu að nýju leiktæki á skólalóð. Ráðinu líst vel á þá tillögu og vilja fá að fylgjast með framvindu mála.
2. Lesinn var upp tölvupóstur frá Guðrúnu Bachmann forsvarsmanni Háskólalestarinnar þar kemur fram að Norðurland vestra verður ekki fyrir valinu sumarið 2015 en möguleiki er að fá þau 2016 og verður hún í sambandi við Íþróttá- og tómstundafulltrúa í haust.

3. Dagný hafði samband við Sigurð skólastjóra til að afla sér upplýsingar hvort fyrirhugað sé að fara í kynningarferð í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Ekki stendur til að grunnskólinn standi einn að þannig ferð í ár en er tilbúinn að skoða möguleika á samstarfi við Ungmennaráð og félagsmiðstöðina Óríon. Dagný víkur fund.
4. Ágúst hafði samband við Nemendafélag Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og munu þau funda í næstu viku þar sem ræddur verður möguleikinn á auka leiksýningu fyrir mögulega nemendaferð á Sauðárkrók.
5. Kynnt var hugmynd um afnot að félagsmiðstöðinni Óríon fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára. Jóna mun kynna þetta fyrir dreifnáminu og öðrum sem málið varðar.
6. Karólína kynnti ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði 2015 sem fer fram dagana 25.- 27. mars á Hótel Stykkishólmi. Jóna og Ágúst munu sækja um þátttökuréttindi.
7. Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl.16:09

Ágúst Andri Arnarson

Karólína Gunnardóttir
Íþróttá- og tómstundafulltrúi

Dagný Freyja Guðmundsdóttir

Jóna Margareta Júlíusdóttir Lundberg